

**1184. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 24.
janúar 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Stjórnkerfisbreytingar Ísafjarðarbæjar - 2021070020

Lögð fram lokaskýrsla RR ráðgjafar ehf. um tillögur að breytingum á stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar, sérstaklega hvað varðar hverfisráð.

Til fundarins er mættur Róbert Ragnarsson til kynningar á efninu.

Bæjarráð vísar skýrslu um stjórnkerfisbreytingar í Ísafjarðarbæ til bæjarstjórnar til umræðu.

Þá leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykka að aðgerðir 1-7 í skýrslu RR ráðgjafar verði innleiddar hjá sveitarfélaginu, en þær eru 1) vinna skipulega að því að viðhorf og stjórnálag einkennist af samvinnu og samstöðu 2) þjálfun og fræðsla fyrir fulltrúa í hverfisráðum 3) fulltrúum verði greidd þóknun fyrir störf sín 4) fundargerðir hverfisráða verði færðar inn í málaskrá Ísafjarðarbæjar 5) hvert hverfisráð hafi skilgreinda fundaraðstöðu 6) íbúar fái betri upplýsingar um hlutverk og heimildir hverfisráða.

Þá leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykka að stofnuð verði nefnd um stjórnkerfisbreytingar í Ísafjarðarbæ með aðkomu fulltrúa hverfisráða og bæjarstjórnar sem vinni áfram að tillögum um framtíðarskipulag hverfisráða í stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar.

Gestir

Róbert Ragnarsson, f.h. RR ráðgjafar - 08:05

Róbert yfirgaf fund kl. 8:40.

2. Samningur um orkukaup vegna sundlaugar á Þingeyri 2011-2015 - 2022010100

Lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 20. janúar 2022, varðandi raforkukaup fyrir sundlaugina á Þingeyri.

Bæjarráð samþykkir að kaupa forgangsorku og felur bæjarstjóra að flyta skoðun á orkusparandi aðgerðum fyrir sundlaugina á Þingeyri.

3. Sameiginlegt útboð á brunabílum - 2022010102

Lagt fram erindi Sigurðar Arnar Jónssonar, slökkviliðsstjóra Ísafjarðarbæjar, dags. 17. janúar 2021, þar sem óskað er eftir heimild til áframhaldandi vinnu við gerð kröfulýsingar fyrir nýjan vatns-tankbíl fyrir slökkvilið Ísafjarðarbæjar, en um sameiginlegt útboð á brunabílum er að ræða undir forystu Ríkiskaupa.

Bæjarráð óskar eftir að slökkviliðsstjóri geri grein fyrir áætlaðri þörf á tækjakaupum fyrir slökkviliðið til næstu ára.

4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 20. janúar 2022, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.), 181. mál. Umsagnarfrestur er til 3. febrúar.

Lagt fram til kynningar.

5. Aukinn stuðningur við úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks - 2021030093

Lagður fram tölvupóstur Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. janúar 2022, þar sem sveitarfélög eru hvött til að tilnefna aðgengisfulltrúa, sem lið í því að vinna markvisst að úrbótum á aðgengismálum fatlaðra.

Lagt fram til kynningar.

6. Fundargerðir 2022 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2022010075

Lögð fram til kynningar fundargerð 905. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 14. janúar 2021.

Lagt fram til kynningar.

7. Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum - 190 - 2201006F

Lögð fram til kynningar fundargerð 190. fundar barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum, en fundur var haldinn 19. janúar 2022.

Fundargerðin er í einum lið.

Lagt fram til kynningar.

8. Hafnarstjórn - 228 - 2201011F

Lögð fram til kynningar fundargerð 228. fundar hafnarstjórnar, en fundur var haldinn 19. janúar 2022.

Fundargerðin er í þremur liðum.

Lagt fram til kynningar.

9. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 574 - 2112018F

Lögð fram til kynningar fundargerð 574. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 19. janúar 2022.

Fundargerðin er í 15 liðum.

Lagt fram til kynningar.

- 9.3 2021120065 - Skólagata 8 á Suðureyri. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingu á deiliskipulagi skv. II. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

- 9.4 2021110045 - Hjallavegur 17 á Suðureyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hjallaveg 17, Suðureyri.

- 9.6 2021120082 - Hafnarstræti 1 á Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Hafnarstræti 1 á Þingeyri.

- 9.7 2021120090 - Brekkugata 22, Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Brekkugötu 22 á Þingeyri.

- 9.8 2021120089 - Ártunga 6, Ísafirði. Umsókn um lóð undir einbýlishús

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Kristján Rafn Guðmundsson og Íris Rut Jóhannesdóttir fái lóðina við Ártungu 6, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða.

Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

9.10 2019100003 - Góustaðir við Sunnuholt - Fyrirspurn um byggingarleyfi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila stofnun lóðar út úr landi Góustaða í samræmi við umsókn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:00

Marzellíus Sveinbjörnsson

Daníel Jakobsson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Birgir Gunnarsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir